

# STJÓRNARTÍÐINDI B 52 – 1989

---

---

20. júlí 1989

693

Nr. 364

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 257 24. maí 1989, um bensíngjald,  
með síðari breytingum.**

1. gr.

2. másl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Frestur til greiðslu gjaldsins til innheimtumanns ríkissjóðs skal þó aldrei vera lengri en svo að gjaldið sé greitt áður en mánuður er liðinn frá lokum sölumánaðar.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast gildi þann 1. október 1989 og til framkvæmda í fyrsta sinn vegna bensíns sem selt er í október 1989.

*Fjármálaráðuneytið, 20. júlí 1989.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Sigurgeir Jónsson.*

20. júlí 1989

Nr. 365

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 594 28. desember 1987,  
um aukatekjur ríkissjóðs.**

1. gr.

1. og 6. tl. 3. gr. orðist svo:

1. Skráning hlutfélags og samvinnufélags . . . . .	8 000
6. Skráning breytinga á eldri skráningu . . . . .	1 000

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 20. júlí 1989.*

F. h. r.

**Sigurgeir Jónsson.**

*Ágústa Helga Sigurðardóttir.*

B 51

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg